

FJÖLBRAUTASKÓLI SUÐURLANDS

KENNSLUÁÆTLUN: Vorönn 2018

ÁFANGI: HÚBH3KI03 (Viðgerðir og breytingar á eldri húsum)

Áfangalýsing:

Í áfanganum er fjallað um viðgerðir og breytingar á eldri byggingum og mannvirkjum úr tré og steini. Lögð er áhersla á mikilvægi þess að varðveita byggingasögulegt gildi húsa á sama tíma og reynt er að koma til móts við kröfur nútímans um ending, þægindi og brunavarnir með hliðsjón af lögum og reglum. Farið er yfir greiningu á fúa- og steypuskemmdum, endurnýjun á burðarvirkjum, klæðningum, gluggum, hurðum og öðrum byggingahlutum. Jafnframt lærir nemandinn um algenga breytingarvinnu svo sem endurnýjun á gleri, smíði viðbygginga eins og glerskála, breytingar á þökum s.s smíði þakkvista.

Áfangamarkmið:

Markmið áfangans er að nemandi:

þekki byggingasögulegt gildi húsa og mannvirkja

- þekki lög og reglugerðir um húsfriðun og breytingar á húsum
- hafi innsýn inn í byggingasögu tré- og steinhúsa á Íslandi
- geti lagt mat á afleiðingar mismunandi lausna fyrir varðveislugildi
- geri sér grein fyrir mikilvægi brunavarna við viðgerðir og endurnýjun
- þekki reglur um öryggi og öryggisbúnað við viðgerða- og breytingarvinnu

þekki algengustu skemmdir á tré, steinsteypu og málmum utanhúss

- kunni skil á skemmdum af völdum sveppa og skordýra í tréverki
- viti hvernig gert er við trévirki án þess að rýra burðargetu þess
- geti greint steypuskemmdir og metið umfang þeirra í grófum dráttum
- þekki orsakir og afleiðingar tæringar og veðrunar á málmum

kunni skil á notkun bárujárns í klæðningar hételendis

- þekki eiginleika og notkunarvið bárujárns sem klæðningarefnis
- hafi þekkingu á uppbyggingu bárujárnsklæðninga og festingum
- þekki frágang bárujárns við mismunandi byggingarhluta
- hafi innsýn í málun og viðhald bárujárnsklæðninga

þekki til nýsmíði við eldri hús og endurnýjun á gleri

- þekki smíði glerskála, svala, kvista, sólpalla og skjólveggja við eldri hús
- viti um tæknilegar útfærslur á tengingu eldri og nýrra byggingahluta
- kunni skil á mismunandi hurðarkerfum í glerskálum og glervirkjum

Kennslugögn:

Þar sem engin kennslubók er til fyrir áfangann þá verður aðallega stuðst við eftirfarandi gögn af netinu sem verða tengd inn á kennsluvef áfangans á Moodle:

- Heimasíða Minjastofnunar (minjastofnun.is)
- Lög um menningarminjar nr. 80/2012
- Byggingarreglugerð nr. 112/2012
- Ágrip íslenskrar húsagerðarsögu fram til 1970 (Húsfriðunarnefnd)
- Gömul timburhús, útveggir grind og klæðning (gefið út af Húsfriðunarnefnd 1998)
- Trégluggar (gefið út af Húsfriðunarnefnd Ríkisins 1996)

Önnur gögn sem stuðst verður við:

- Bárujárn, verkmenning og saga (gefið út af Minjavernd 1995)
- Íslensk byggingararfleið I-II (eftir Hörð Ágústsson)
- fleiri gögn eftir atvikum

Verkefnaskil / Námsmat:

Lögð verða fyrir **5 verkefni** yfir önnina sem nemendur þurfa að skila tímanlega. Þau gilda 50% af lokaeinkunn. Vægi lokaprófsins sem verður í lok annarinnar er 50% af lokaeinkunn.

Áætlun um yfirferð á önninni:

Farið verður yfir námsefnið í nokkurn vegin sömu röð og kemur fram í áfangamarkmiðunum .

Athugasemdir:

Áfanginn er skorinn í töflu og eru einungis í boði alls 24 tímar yfir önnina. Því má reikna með meiri heimavinnu nemenda þar sem kennsluumhverfið Moodle verður notað til að miðla efni og koma ýmsum upplýsingum og verkefnum á framfæri í áfanganum.

Nemendur þurfa því að vera virkir á Moodle.

Ljósrit/ýtarefni verða sett á Moodle jafnóðum og þörf er á.

Kennsluáætlunin er gerð með fyrirvara um breytingar.